**226. fundur Skipulags- og umhverfisráðs, haldinn í fjarfundi, mánudaginn 17. janúar 2022 og hófst hann kl. 16:15.**

**Fundinn sátu:**
Ragnar B. Sæmundsson formaður, Ólafur Adolfsson varaformaður, Guðríður Sigurjónsdóttir aðalmaður, Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs og Hafdís Sigurþórsdóttir fulltrúi.

**Fundargerð ritaði:** Sigurður Páll Harðarson, sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs.

Fundurinn var haldinn í gegnum fjarfundarbúnaðinn Teams.

**Fyrir tekið:**

**1. 2112164 - Deiliskipulag Stofnanareits - Vesturgata 163 bílskúr**

Umsókn um að skilgreina byggingarreit fyrir bílgeymslu á lóðina, skv. meðfylgjandi deiliskipulagsuppdrætti. Nýtingarhlutfall lóðar verður 0,397, heimilt nýtingarhlutfall er 0,40.

*Skipulags- og umhverfisráð samþykkir að grenndarkynna breytingu er varðar nýjan byggingarreit fyrir bílgeymslu. Grenndarkynnt skal fyrir Vesturgötu 161, 162, 160, Pesthúsabraut 34 og 36.*

**2. 2201029 - Grundaskóli útboð verkfræðiráðgjöf**

Tilboð í verkfræðihönnun í Grundaskóla.

*Eftirfarandi tilboð bárust í verkið:*

*Verkfræðistofan Víðsjá kr. 42.408.000*
*Mannvit kr. 49.420.000*
*VSB verkfræðistofa kr. 71.802.696*
*Lota kr. 55.409.000*

*Uppfærð kostnaðaráætlun kr. 31.120.189*

*Skipulags- og umhverfisráð samþykkir að hafna öllum tilboðum í ljósi þess að þau eru vel fyrir ofan kostnaðaráæltun. Sviðsstjóra er falið að vinna málið áfram.*

**3. 2201105 - Deiliskipulag Sólmundarhöfða - Höfðagrund 5 sólstofa**

Umsókn um að stækka byggingarreit um 22,7m². Erindið var grenndarkynnt skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga. Samþykki þeirra sem send voru kynningargögn hafa borist.

*Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að breytingin verði samþykkt, send Skipulagsstofnun og auglýst í B-deild Stjórnartíðinda.*

**4. 2201071 - Áhaldahús, Fjöliðja vinnuhluti og Búkolla - Uppbygging á húsnæði**

Erindisbréf vegna uppbyggingar að Dalbraut 8.

*Skipulags- og umhverfisráð samþykkir fyrirliggjandi drög að erindisbréfi starfshóps og leggur til að það verði lagt fyrir velferðar- og mannréttindaráð og bæjarráð til yfirferðar.*

**5. 2201087 - Dalbraut 8 - uppbygging**

Erindisbréf vegna uppbyggingar á Dalbraut 8.

*Skipulags- og umhverfisráð samþykkir fyrirliggjandi drög að erindisbréfi stýrishóps og leggur til að það verði lagt fyrir skóla- og frístundaráð, velferðar- og mannréttindaráð og bæjarráð til yfirferðar.*

Fundarmenn samþykktu fundargerðina með rafrænum hætti.

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:15.**